


## Heilsufarsáhrif af loftmengun

Loftmengunarefni geta haft alvarleg áhrif á heilsu manna. Börn og aldraðir eru sérstaklega viðkvæmir.



**Svifryk (PM)** eru agnir sem svífa í loftinu. Sjávarsalt, sót, ryk og samþjappaðar agnir úr ákveðnum kemískum efnum kunna að flokkast sem svifryksmengun.

**Niturdíoxíð ( $\text{NO}_2$ )** myndast aðallega við brennsluferla eins og þá sem eiga sér stað í bílvélum og orkuverum.

**Óson við jörð ( $\text{O}_3$ )** myndast með efnahvörfum (sem drifin eru af orku sólar) þar sem við sögu koma efni sem losna út í loftið, m.a. frá umferð, vinnslu náttúrulegs gass, urðun og kemískum efnum til heimilisnota.

**Brennisteinsdíoxíð ( $\text{SO}_2$ )** losnar þegar eldsneyti sem inniheldur brennistein er brennt til upphitunar, orkuframleiðslu og samgangna. Eldfjöll gefa einnig frá sér  $\text{SO}_2$  út í andrúmsloftið.

**Bensó(a)þýren (BaP)** á upptök sín í ófullkomnum bruna eldsneytis. Aðaluppspretturarnar eru brennsla viðar og úrgangs, framleiðsla koks og stáls og vélknúin ökutæki.

**97 %**

Evrópubúa eru útsettir fyrir  $\text{O}_3$  í styrk yfir leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

**220–300 evrur**

eru kostnaður hvers borgara Evrópusambandsins af loftmengun frá 10.000 stærstu iðnfyrirtækjum í Evrópu árið 2009.

**63 %**

Evrópubúar segjast hafa dregið úr bílnotkun sinni á síðustu tveimur árum til að auka loftgæði.